

Fundur 28.10.2024 Sigmund Freud.

Komið þið öll blessuð og sæl.

*Já komdu sæll. Blessaður.*

Fylgir ykkur kraftur og fylgir okkur kraftur frá okkar fornu þjóð, og finnst mér það mikið gæfuspor, þegar ég fór að sækja þessa fundi og tók leiðsögn, og olli það straumhvörfum í mínu lífi.

Og hafa framfarirnar orðið miklar og hef ég einnig lent í miklum erfiðleikum og mótbyr vegna þess að ég skipti um stefnu, og lenti ég í miklum starfsmissi og útskúfun um langt skeið.

En það er nú að komast á rétta braut og umskipti þau sem hafa orðið á mínu lífi eru mikil og þjóðirnar á þessari jörð eru svo miklu fjölbreytilegri og bjóða upp á allt önnur samskipti og jákvæðari en ég átti að venjast á hinni jörðinni.

Lít ég björtum augum til framtíðarinnar og liðinn er sá tími þegar ég iðraðist þess að hafa farið gegn vísindasamfélagi okkar.

Og já, fjölbreytilegar eru þjóðirnar og friðvænlegar um að litast ,og kærleiksríkara mannlífið og kann ég því vel, og er það mér mikils virði.

Nei ég þekkti ekki til verka Íslendingansins og mun hann þó hafa vitnað í mig og kom það af öðru, að ég tók sinnaskiptum á nýjum hnetti.

Og voru það rannsóknir mínar í bland við kenningar annara vísindamanna, sem beindu mér á þá braut, og hafði ég aðeins lauslega kynnt mér sambandið á milli minna kenninga og annara draumakenninga og þeirri staðreynd að ég var kominn á nýja jörð.

Og var okkur haldið frá því, af vísindasamfélaginu sem við tilheyrðum, að fara út á þá braut sem ég fór að lokum.

Og heyrði ég ýmsar sögur af því, að okkur yrði refsað, en lét það að lokum ekki á mig fá, og er það allt miklu betra á þessari jörð. Og tók ég betur eftir landslaginu og öllum staðháttum.

Og spurði ég annara spurninga og var forvitnari og veitt allt öðrum hlutum athygli en áður og hef ég einnig komist í kynni við miklu fjölbreytilegri félagsskap og hefur það haft áhrif á rannsóknir mínar og störf mín hér á nýjum hnetti.

Já var ég byrjaður að fá áhuga á þessu á gamla hnettinum og talaði ég þar til ykkar og vakti það mér enn meiri forvitni eftir á. Þegar ég frétti að einu samtökin á gömlu jörðinni séu enn meðal Íslendinga sem fyrstir uppgötvuðu þessi mikilvægu mál.

Hafði ég þar áður talað til annara hnatta, þar sem annað hvort voru þeir sem vissu meira um þessi mál, eða voru á framlífs hnöttum eða frumlífs hnöttum, tiltölulega skammt komnir.

En hér á þessum hnetti hef ég setið þessa fundi og jafnvel talað eins og við ykkur, við fjölbreytilegri hóp.

Og skrifaði ég um það í jarðlífinu hvernig ég efaðist um mín gömlu trúarbrögð og hef kastað þeim á nýjum hnetti og farið í ræturnar á minni þjóð sem var fjölgyðistrúar áður fyrr, fyrir langa löngu og í stað þess að sýnagógur sótti ég, hef talað til ykkar áður, reyni að nefna nafn mitt.

Vil gjarnan segja frá framförum í minni vísindagrein, draumar eru vissulega sambands fyrirbæri og tek ég það aftur sem ég komst að á jörðinni, Sigmund Freud.

*Heill og sæll, já já þú komst til okkar einu sinni.*

Já,

*Pú heldur þér við efnið.*

Já, hvað segir þú ?

*Pú heldur þér við efnið þitt.*

Efnið, já, já, já já, ég hef áhuga á þessu enn þá og hef tekið miklum framförum, ég næ ekki að segja frá þessu öllu að sinni, er hér kominn á nýja jörð til tölulega nýlega, og voru það stórkostleg viðbrigði, og vildi ég gjarnan frá því segja, að er hér komin með enn þá öflugri líkama og líður betur.

Verð að láta þetta nægja að sinni, verið þið sæl og þakka fyrir.

*Vertu blessaður og þakka þér fyrir.*

*Ég fékk nú dálíð álit á þér þegar ég las bók eftir þig, þegar þú lýstir Guði Gamla testamentisins, og hittir þar nagalnn á höfðið.*

Já, ég var strax farinn að efast og skrifaði ýmislegt í þá veru, þakka þér fyrir, það er hægt að læra af því vissulega, þakka þér fyrir þetta hrós, já, það er vissulega rétt.

*Hann á það skilið.*

Já takk fyrir, verið þið sæl.

*Þakka þér fyrir komuna, vertu sæll.*

Verið þið sæl sömuleiðis, þakka fyrir.